



FUNDARGERÐ

4. fundur Odda bs

haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 10. október 2022
og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Eydís Þ. Indriðadóttir, Ísleifur Jónasson, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, Sveitarstjóri.

Á haustfund Odda bs. mæta einnig:

Sigrún B. Benediktsdóttir embættismaður

Ingigerður Stefánsdóttir embættismaður

Kristinn Ingi Austmar Guðnason embættismaður

Jónas B. Magnússon embættismaður

Hafdís Ásgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi

Guðmundur Bragason áheyrnarfulltrúi

Hjördís Pétursdóttir áheyrnarfulltrúi

Inga Lára Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi

Jóhanna Hlöðversdóttir áheyrnarfulltrúi

Hrafnhildur Andrésdóttir áheyrnarfulltrúi

Dagskrá:

1. Mannauðsmál skólanna - 1610046

Í upphafi skólaárs skulu skólastjórar gera fræðslunefnd grein fyrir stöðunni í starfsmannamálum hvað varðar starfsþróun og endurmenntun og leggja fram áætlun fyrir yfirstandandi skólaár.

Skólastjórar leik- og grunnskóla fóru yfir starfsmannamál og áætlanir um endur- og símenntun og lögðu fram gögn til kynningar sem fylgja með fundargerðinni. Einnig fóru þeir yfir fjölda nemenda við hvern skóla. Alls eru 230 börn í grunnskólum 2022 en voru 214 haustið 2021 og 126 börn í leikskólunum 2022 en voru 110 haustið 2021.

2. Aðstaða og búnaður skólanna - 1610047

Árlega meti skólastjórar þörf fyrir endurnýjun kennslutækja, þörf fyrir annan búnað og húsnæði í samræmi við þróun nemendafjölda og kennsluhátta og upplýsi fræðslunefnd um stöðu mála.

Skólastjórar leik- og grunnskóla greindu frá stöðu mála varðandi búnað og aðstöðu og fóru yfir atriði sem snúa að þróun skólastarfsins. Þá lögðu þeir fram gögn um þessi atriði til kynningar sem fylgja með fundargerðinni. Nánar verður unnið með þessi atriði nú þegar vinna við fjárhagsáætlun Odda bs fyrir næsta ár er hafin.

3. Staða náms- og starfsráðgjafa - 2209077

Erindi frá stjórn Félags- og skólaþjónustu Rangárv/V-Skaft. um fyrirkomulag og staðsetningu á náms- og starfsráðgjöfum.

Tekið var fyrir erindi frá stjórn Félags- og skólaþjónustu Rangárv/V-Skaft. um fyrirkomulag og staðsetningu á náms- og starfsráðgjöfum. Rætt var um kosti og galla þessa hvernig best væri að koma fyrir þjónustu náms- og starfsráðgjafa.

Stjórn Odda leggur til að náms- og starfsráðgjöf verði ekki sinnt af skólaþjónustunni eins og verið hefur og felur skólastjórum grunnskólanna að leggja til framtíðarfyrirkomulag þjónustunnar.

Samþykkt samhljóða.

4. Fundargerð 20. Samráðsfundur með fræðslustjórum og sveitarstjórum - 2209080

Fundargerð samráðsnefndar þeirra sveitarfélaga sem ekki hafa sérstaka skólaskrifstofu


Til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30.



Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Eggert Valur Guðmundsson


Eydís Þ. Indriðadóttir


Ísleifur Jónasson




Guðmundur Fr. Brynjólfsson
